

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás Rvík Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	10.12.2013	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Hringrás Rvík	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Klettagöröum,	Tegund eftirlits	Annað
Kennitala	4205981319	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ásmundur Einarsson	ÍSAT nr.	51.57.02
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhann Karl Sigurðsson	Staðsetning	360615,942 408599,18

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirlit fór fram með nýrri vinnslulínu rekstraraðila fyrir sjónvarpsskjái. Gerðar eru tvær athugasemdir en þær varða flokkun og rekjanleika og forsendur ráðstöfunar sjónvarpsframglerja.

Geymsla og úrvinnsla raf- og rafeindatækjaúrgangs virtist vera í samræmi við ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 1104/2008. Fyrirtækið er hvatt til að setja niður skriflegar verklagsreglur við meðhöndlun á raf og rafeindatækjabúnaði þannig að tryggt sé að meðhöndlun sé ávallt í samræmi við kröfur reglugerðarinnar. Sjá umfjöllun um niðurstöður skoðunar undir önnur atriði.

UMFANG EFTIRLITS

Um aukaeftirlit var að ræða, vegna nýrrar vinnslulínu rekstraraðila fyrir sjónvarpsskjái, sjá ákv. 1.7 í starfsleyfi. Farið var yfir helstu þætti vinnslunnar, lögjöf, skráningar og önnur skjöl er varða hana og ráðstöfun úrvinnsluflokk. Að fundi loknum var vinnslan og aðstaða hennar skoðuð.

Þá var farið yfir almenna meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs sem kemur til meðhöndlunar hjá Hringrás m.t.t. 9. gr. reglugerðar nr. 1104/2008 um meðhöndlun raf og rafeindatækjaúrgangs.

ATHUGASEMDIR

Rekstraraðili hafði ekki flokkunarnúmer fyrir plastefni sjónvarpsskjáa á reiðum höndum, en mun gera grein fyrir því við fyrsta tækifæri. Góð flokkun er forsenda rétrar meðhöndlunar. Óskað er eftir nánari upplýsingum frá rekstraraðila um flokkun og aðgreiningu plastefna.

Ráðstöfun framglerja var til umfjöllunar á fundi í eftirlitinu. Forsenda ráðstöfunar eru eiginleikar glersins. Ef áhugi er fyrir að koma glerinu í nýtingu t.d. blöndun í malbik eða landfyllingu, eða ef urða á hann sem óvirkan úrgang verður viðkomandi efni að standast útskolunarpróf fyrir óvirkan úrgang.

ANNAÐ

Farið var yfir 1. og 2. lið II. viðauka í reglugerð nr. 1104/2008 um sérmeðhöndlun efniviðar og íhluta raf- og rafeindatækja á fundi með forvarsmönum Hringrásar og kom eftifarandi fram:

- 1a: Spennum sem innihalda PCB er safnað sér og sendir úr landi til meðhöndlunar
- 1b. Íhlutum og lækningatækjum sem innihalda kvikasilfur er safnað sér og send úr landi til meðhöndlunar
- 1c. rafhlöður eru fjarlægðar úr tækjum og safnað sér.
- 1d. prentplötur eru fjarlægðar, sent úr landi til meðhöndlunar
- 1.f. plasti er safnað sérstaklega og flokkað
- 1.g er fjarlægt og meðhöndlað
- 1.h. bakskautslampar fjarlægðir, blýgleri safnað og sent út til meðhöndlunar
- 1.i. fjarlægja kælimiðla
- 1.j. er safnað sér og kvikasilfur fjarlægt með þar til gerðum búnaði
- 1.k Vökvakristalsskjáir eru fjarlægðir
- 1.l. utanáliggjandi rafhleðslur eru fjarlægðar eftir því sem er unnt.
- 1.m hefur ekki komið inn til Hringrásar
- 1.n fjarlægt og meðhöndlað í samræmi við leiðbeiningar GR.
- 1.o hefur ekki komið inn til Hringrásar
- 2a. flúrhúðun er fjarlægð úr bakskautslömpum í nýrri vinnslulínu Hringrásar
- 2b. Ósoneyðandi efni eru fjarlægð með þar til gerðum búnaði

Reykjavík, 04.02.2014

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á íþágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.